

AUGLÝSING

um vörugjald af nokkrum vörum vegna breytinga á viðauka I við tollalög

Með vísan til 11. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með áorðnum breytingum, og auglýsingar nr. 96/1988, um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55/1987, tilkynnist hér með að auk vara sem greinir í lögum nr. 95/1988, um breyting á lögum um vörugjald, skal greiða vörugjald samkvæmt A-lið 3. gr. laga nr. 97/1987, með síðari breytingum, af vörum sem flokkast í eftirgreind tollskrárnúmer:

1806.9003	7019.9003	8521.9021	8527.3102
2106.9041	7322.1902	8521.9029	8527.3109
3003.9001	8004.0000	8527.1101	8528.1002
3921.1902	8519.9902	8527.1102	8537.1009
3925.9009	8521.1021	8527.1109	9007.1100
4823.9005	8521.1029	8527.3101	

Pá skal greiða vörugjald samkvæmt ákvæðum B-liðar 3. gr. laga nr. 97/1987 af tollskrárnúmerunum 1806.9003. og 2106.9041.

Eftirtalin tollskrárnúmer hafa verið felld brott úr tollskrá:

3925.9000	8521.1009	8527.2100	8537.1000
8004.0001	8521.9009	8527.3100	9007.1000
8004.0009	8527.1100		

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1988.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Lárus Ögmundsson.

REGLUGERÐ

um greiðslu barnabótaauka á árinu 1989.

1. gr.

Á árinu 1989 skal ríkissjóður greiða barnabótaauka með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu 1988 samkvæmt ákvæðum B-liðs 69. gr. laga nr. 75/1981. Barnið skal vera heimilisfast hér á landi og á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru samkvæmt 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

2. gr.

Framfærandi samkvæmt þessari reglugerð telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess í lok tekjuársins 1988. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi.

Hjón, sem skattlögð eru samkvæmt, 63. gr. laga nr. 75/1981, teljast bæði framfærendur og skiptist barnabótaauki milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981, enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

3. gr.

Fyrir barn sem öðlast heimilisfesti hér á landi á tekjuárinu 1988 skal einungis greiða barnabótaauka í hlutfalli við dvalartíma þess hér á landi á því ári.

4. gr.

Barnabótaauki skal ákveðinn með álagningu gjaldárið 1989, sbr. X. kafla laga nr. 75/1981, og greiðist þá til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hefur verið dreginn fyrirframgreiddur barnabótaauki, vangoldin þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld frá fyrri árum svo og ógreidd álögð gjöld sama árs í þessari forgangsröð:

1. Fyrirframgreiddur barnabótaauki.
2. Tekjuskattur sem á er lagður vegna tekjuársins skv. 67. gr. laga nr. 75/1981.
3. Önnur þinggjöld sem á eru lögð vegna tekjuársins.
4. Ógoldin þinggjöld frá fyrri árum.
5. Útsvar sem á er lagt vegna tekjuársins.
6. Aðstöðugjald sem á er lagt vegna tekjuársins.
7. Ógoldið útsvar og aðstöðugjald frá fyrri árum.
8. Önnur gjöld eða skattar en hér eru tilgreindir, að ákvörðun fjármálaráðherra.

5. gr.

Barnabótaauki samkvæmt þessari reglugerð skal greiddur út með tveimur jöfnum greiðslum. Fyrri greiðslan skal fara fram eigi síðar en 1. ágúst en síðari greiðslan eigi síðar en 1. nóvember.

6. gr.

Þar til álagning liggur fyrir, sbr. 4. gr. reglugerðar þessarar, skal ríkissjóður greiða fyrirfram upp í barnabótaauka ársins. Barnabótaauka skal greiða fyrirfram á árinu 1989 til þeirra framfæranda barna sem nutu barnabótaauka á árinu 1988. Fyrirframútborgun skal miðast við þau börn sem voru innan 16 ára aldurs í árslok 1988 og heimilisföst voru hér á landi. Fyrirframgreiðsla barnabótaauka skal vera 60% af greiddum barnabótaauka á árinu 1988. Fyrirframgreiðsla skal greidd með tveimur jöfnum greiðslum þegar frá hafa verið dregin vangoldin þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld frá fyrri árum sbr. 4. gr. reglugerðar þessarar. Fyrri greiðslan skal greiðast út eigi síðar en 1. febrúar en seinni greiðslan eigi síðar en 1. maí.

7. gr.

Ríkisbókhald sér um útborgun barnabótaauka samkvæmt 5. og 6. gr. reglugerðar þessarar.

8. gr.

Komi í ljós að maður hefur ranglega notið barnabótaauka eða að barnabótaauki hafi verið ákvarðaður of hátt skal skattstjóri leiðrétta hann. Um slíka leiðréttingu gilda ákvæði 95. gr. og 96. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt eftir því sem við getur átt.

9. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í B-lið 69. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 9. gr. laga nr. 92/1987, um breyting á þeim lögum, og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast gildi 1. janúar 1989.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1988.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Lárus Ögmundsson.